

**From:** [Þuríður María Guðmundsdóttir](#)  
**To:** [Íbúaráð Vesturbæjar](#); [Vesturbæjarlaug](#); [skipulag@veitur.is](#)  
**Subject:** Hofsvallagata 54 - Vesturbæjarlaug - auglýsing  
**Date:** fimmtudagur, 17. október 2024 10:51:59  
**Attachments:** [image001.png](#)  
[image002.png](#)

---

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu að deiliskipulagi vegna Hofsvallagata 54 – Vesturbæjarlaug, birtist í Morgunblaðinu í dag, fimmtudaginn 17. október 2024. Tillagan er í kynningu frá 17. október 2024 til og með 28. nóvember 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, [skipulagsgatt.is](https://skipulagsgatt.is). Sjá eftirfarandi slóð:  
<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1241>

## Hofsvallagata 54 - Vesturbæjarlaug

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. september 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. október 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á skipulagsmörkum. Innan nýja deiliskipulagssvæðisins eru skilgreindar fjórar lóðir, ný afmörkun fyrir lóð Vesturbæjarlaugar og Vesturborgar, ný lóð undir veitingavagn og ný lóð fyrir grenndarstöð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is). Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 **frá 17. október 2024 til og með 28. nóvember 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 28. nóvember 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is).



Með kveðju,

**Þuríður María Guðmundsdóttir**

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa  
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík  
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: [www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.